



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

YFIRLÝSING FRÁ DORRIT MOUSSAIEFF VEGNA FORSÍÐUFRÉTTAR DV Í DAG

Það særir mig að DV skuli birta ranga frétt um að ég hafi „borgað verðlaun“ sem Louise T Blouin stofnunin veitti eiginmanni mínum fyrir framlag hans til umhverfismála við hátíðlega athöfn í New York. Einu tengsl mín við Louise T Blouin stofnunina eru að ég bauð í nútímalistaverk á uppboði sem haldið var snemma árs 2006 í tilefni af opnun listasafns stofnunarinnar í Lundúnum. Að auki hef ég veitt fulltrúa fjölmiðlafyrirtækis, sem tengt er Louise T Blouin og gefur út um 200 áhrifarík tímarit um listir, upplýsingar um ungt, íslenskt myndlistarfólk. Þetta er ástæða þess að í þakkarskrá stofnunarinnar fyrir árið 2006 er ég nefnd meðal stuðningsaðila (e. *supporters*). Þessar staðreyndir munu fulltrúar Louise T Blouin stofnunarinnar staðfesta.

Að gera því skóna að eiginmaður minn hafi hlotið þessi verðlaun vegna þess að ég hafi borgað fyrir þau er í senn móðgandi og særandi.

Dorrit Moussaieff

8. október 2007